

Tónmennt 3. bekkur 2022-2023

Kennarar: Helga Rós Sigfúsdóttir; Sara Gísladóttir

3

Lýsing

Í tónmennt er unnið með söng og raddbeitingu, leiki sem þjálfar taktskyn, hlustun og hreyfingu eftir tónlist, samspil með einföldum ásláttarhljóðfærum og hljóðheimurinn kannaður.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, hópavinna, einstaklingsvinna, rythma leikir, umræður, söngur, dans og sprell.

Námsmat

Nemendur verða metnir í samræmi við hæfniviðmið lotunnar og frammistöðu í tímum.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

- * Framúrskarandi
- ✓ Hæfni náð
- ◇ Á góðri leið
- Þarfnast þjálfunar
- X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

- A = Framúrskarandi
- B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða
- B = Góð hæfni og frammistaða
- C+ = Á góðri leið
- C = Sæmileg hæfni og frammistaða
- D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Tónmennt fyrir yngsta stig

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Tónmennt fyrir yngsta stig - Tónmennt hæfniviðmið fyrir 1.- 4. bekk

- Geti hlustað á fjölbreytta tónlist með athygli og sýni viðbrögð við henni.
- Geti sungið fjölbreytt lög, m.a. einföld keðjusöngslög sem gera vaxandi kröfur til söng, tækni og túlkunar.
- Geti greint á milli algengustu hljóðfæratægunda s.s. blásturs- og strengjahljóðfæra, eftir heyrn og sjón og þekki sum þeirra með nafni.
- Flytji tónlist, lög og stef eftir minni, heyrn og nótnátáknum.
- Átti sig á hvaða tilgangi tónlist þjónar í kvikmyndum og teiknimyndum.
- Hlusti á tónlist frá ólíkum menningarsamfélögum og greini eiginleika og einkenni þeirra.
- Vinni áfram með og kynnist nýjum tónlistarhugtökum.

NÁMSEFNI/GÖGN

 Það var lagið - hugmyndaefni í tónmennt

 Efni sem kennari hefur safnað saman

 Internetið (youtube, tonmennt.com ofl.)

 Myndefni

 Sígild tónskáld

 Stafspil